

Hvolsskóli

Guri Hilstad Ólason

Auður Fr. Halldórsdóttir

Asta Johanna F. Laukkanen

Pálína Björk Jónsdóttir

og Sigurlaug Maren

Guðmundsdóttir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Skólaárið 2018-2019

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2018-2021	3
1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta	4
1.1 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur	6
1.2 Foreldrakönnun	7
1.3 Samræmd könnunarpróf skólaárið 2018 til 2019	9
2. Skipulag kennslu á yngsta stigi	11
3. Uppgjörsgdagur að vori 2019	16
4. Úrbótaáætlun veturinn 2018-2019 og úrbætur unnar á árinu	22
5. Úrbótaáætlun veturinn 2019-2020	23
Að lokum	24

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2018 – 2019 var skipaður Guri Hilstad Ólason formanni hópsins, Pálinu Björk Jónsdóttur, Asta Johanna F. Laukkanen, Auði Friðgerði Halldórsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annaðhvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Keypt var þjónusta frá Skólapulsinum og sá það fyrirtæki um nemendakönnun í 6.-10. bekk og foreldrakönnun. Ein könnun var framkvæmd í rýnihópum en það var; skipulag náms á yngsta stigi. Að lokum var uppgjör á skólastarfi á vordögum en þá var gerð svokölluð SVÓT greining á verkefni innan skólans, þ.e. ART/UTÁ, Skóli á grænni grein, Heilsueflandi skóli og GEO UNESCO skóli.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2018-2021

2018-2019	2019-2020	2021 - 2022	Tími
Tengslakönnun í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti.	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	September Spurningalistar á pappír <i>Allir nemendur</i>
Samræmd próf í 4. og 7. bekk	Samræmd próf í 4. og 7. bekk	Samræmd próf í 4., og 7. bekk	September
			Desember <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i>
Námskrá skólans Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á elsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Janúar <i>Rýnihópar</i>
	Mat starfsfólks utan stiga á líðan, starfsaðstöðu o.fl.		Febrúar Rýnihópur
6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	Sept-maí Skólapúls
Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	Janúar Myndrænir spurningalistar

Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	
		Samstarf við leikskólann	Febrúar Rýnihópur
Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	Mars Skólapúls
Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Mars
Mat á skólaárinu 2018-2019 þar sem áhersla er lögð á verkefni skólans s.s. UTÁ/ART, heilsueflandi skóli, skóli á grænni grein, GEO park skóli	Skólastefna Rangárþings eystra, hvar stöndum við?	Mat á skólaárinu 2020-2021 Með hliðsjón af áætlunum skólans; jafnréttisáætlun, móttökuáætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun, forvarnaráætlun, starfsþróunaráætlun	Maí Uppgjör, rýnihópar <i>Allt starfsfólk skólans</i>

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir skólaárið 2018-2019 verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2018-2019.

1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

1.1 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum, 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir á pappírformi í febrúar 2019 42 svöruðu eða 95%.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 81% nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- 97 % nemenda líður vel/ ágætlega í frímínútum
- 88 % nemenda líður vel/ágætlega á leiðinni í skólann
- 97 % nemenda eiga vini í bekknum sínum
- 88% nemenda líður já/stundum vel í bekknum sínum
- 90 % nemenda líkar maturinn vel/ágætlega
- 88 % nemenda líður vel/ágætlega í matsalnum
- 90 % nemenda líður vel/ágætlega í sundi
- 83 % nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu
- 90 % nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum
- 83 % nemenda líður vel/ágætlega í Skjólínu (aðeins þeir sem eru í Skjólí svöruðu)

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 17% nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum og 50 % segjast verða fyrir stríðni stundum
- 17% nemenda finnst gaman já /stundum að stríða sumum krökkum
- 21% nemenda sem líður ekki vel á morgnana áður en þeir fara í skólann
- 33% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 55 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður.
- 38% nemenda telur að það sé hávaði í bekknum sínum og 48% telja að það sé stundum hávaði í bekknum.
- 22% nemenda finnst ekki gaman í skólanum og 40% nemenda finnst stundum gaman í skólanum
- 5% nemenda finnst kennararnir ekki koma vel fram við sig og 24% nemenda finnst kennararnir koma stundum vel fram við sig
- 22% nemenda finnst nei/stundum rétt að hlýða kennurunum
- 22% nemenda líður illa í íþróttum
- 21% nemenda líður illa í skólabílnum (aðeins þeir sem eru í skólabíl svöruðu).

1.2 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í september og apríl, handahófskennt úrtak úr öllum nemendum 6.-10. bekkjar.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærri en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður:

- ➔ Velliðan nemenda
 - Hvolsskóli 5,1 – landið 4,8
- ➔ Tíðni eineltis
 - Hvolsskóli 6,7% (niður 7,7% frá því í fyrra) - landið 12,2%
- ➔ Samsömun við nemendahópinn
 - Hvolsskóli 5,2 – landið 4,9
- ➔ Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:
 - Skemmtilegir krakkar
 - Langt sumarfrí og öll frí eru löng
 - Gott íþróttastarf
 - Það eru allir vinir og gott félagsstarf
 - Kennarar eru búnir að taka meira að sér að nemendum líði vel og enginn verði skilinn útundan
 - Skólinn er lítill og staðsettur úti á landi

Dæmi um neikvæðar niðurstöður:

- Trú á eigin námsgetu
 - Hvolsskóli 4,2 – landið 4,8
- Ánegja af lestri
 - Hvolsskóli 4,5 - landið 4,7
- Þrautsegja í námi
 - Hvolsskóli 4,3 – landið 4,9
- Áhugi á stærðfræði

- Hvolsskóli 4,4 – landið 5,0
- Tíðni hreyfingar, 2x í viku eða oftar
 - Hvolsskóli 43,3% - landið 44,7%
- Samband nemenda við kennara
 - Hvolsskóli 4,5 – landið 4,9
- Dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda:
 - Lítill vinnufriður
 - Nemendur fá ekki að koma sínum hugmyndum á framfæri
 - Maturinn er ekki góður
 - Stundum er ekki nóg til af mat
 - Það eru of fáir skólabílar og maður verður þreyttur allan daginn á hverjum degi
 - Grimmir kennarar

1.2.1 Foreldrakönnun

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í febrúar 2019.

Það voru 199 foreldrar í úrtakinu og svöruðu 150, svarhlutfall var 75,4%.

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærra en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn og eru sambærilegir að stærð, með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstöður: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- Ánægja foreldra með stjórnun skólans
 - Hvolsskóli 91,4% - landið 90,6%
- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra
 - Hvolsskóli 79,6% - landið 78,2%
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
 - Hvolsskóli 89,1% - landið 87,5%
- Líðan nemenda í skólanum almennt að mati foreldra almennt

- Hvolsskóli 95,7% - landið 91,3%
- ➔ Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum
 - Hvolsskóli 64,3% - landið 56,8%
- ➔ Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili
 - 80,9% - landið 60,3%

Dæmi um neikvæðar niðurstöður

- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra
 - Hvolsskóli 79,8% - landið 82,1%
- Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt
 - Hvolsskóli 88,3% - landið 91,0%
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti
 - 71,7% - landið 80,1%
- Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal
 - Hvolsskóli 90,2% - landið 94,5%
- Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemendanum
 - 50,6% - landið 54,4%
- Hæfileg heimavinna að mati foreldra
 - 66,3% - landið 74,4%
- Væntingar foreldra um háskólanám
 - Hvolsskóli 59,0% - 78,0%

Dæmi um opin svör foreldra: Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn.

- Einstaklingsmiðað nám
- Er mjög ánægð með 170 daga skólaárið, finnst börnin þurfa á þessu frí að halda
- Flottur skóli sem er með metnaðarfullt starf og flott starfsfólk. Alltaf auðvelt að leita til kennaranna og skólastjórnenda. Erum almennt sátt við skólann
- Fylgst með líðan nemenda. Nemendum kennt að fara með snjallsíma/haga sér með þá fremur en að banna. Reynt að vinna með bekkjarbrag. Valáfangar fjölbreyttir.
- Gott andrúmsloft og góð samskipti. Barninu líður vel í kringum krakka og kennara.
- Skólabílar þrisvar á dag
- Skjólíð gott

- Vel haldið utan um starfið. Hratt og vel brugðist við sé barnið að dragast aftur úr einhverju sviði. Hlúð að einstaklingnum og áhugasviði hans. Fjölbreytt nám, jafnt innan sem utan skólaveggja. Vel staðið að skólaskjóli og gott að finna til trausts til þess að vel sé haldið utan um viðveru og samfellu.

Dæmi um opin svör foreldra: Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara í skólanum.

- Banna síma í grunnskóla
- Betri úrræði fyrir agamál og utanumhald nemenda sem eru að standa sig vel í skólanum. Gleymist auðveldlega að okkar mati
- Gott væri ef skólinn gæti byrjað örlítið seinna á morgnana
- Markviss og samræmd upplýsingagjöf. Námfús ætti að nota mikið meira – eða bara sleppa honum alveg.
- Meira metnaður hjá kennurum til þess að gera betur og upplýsa foreldra. Betri samskipti milli heimilis og skóla
- Að skólastjóri taki betur á þeim vandamálum sem upp koma milli foreldra og kennara
- Álag á starfsmenn mætti laga, óeðlilegt hversu margir kennarar þurfa að fara í hlutastarf vegna álags. Eftirlit á útisvæðum mætti vera dreifðara
- Oft of lítill matur, fær ekki nóg að borða og henni finnst of oft svipaður matur, fiskiklattar á fimmtudegi og svo fiskibollur á á þriðjudegi

1.4 Samræmd könnunarpróf skólaárið 2018 til 2019

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendum í 4. og 7. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði.

Í 9. var samræmt könnunarpróf í mars 2019. Prófað var í íslensku, stærðfræði og ensku.

Matstæki: Próf frá Menntamálastofnun.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mikilvægt er að skólinn vinni áfram með einstaka þætti prófanna til frekari framfara hjá nemendum. Unnið verði bæði einstaklingslega og á bekkjarvísu. Skipulag kennslu í skólanum er vel til þess fallið þegar um er að ræða kennslu í fámennum hópum með góða mönnun.

Hér á eftir eru niðurstöður Hvolsskóla.

4. bekkur

Skólaárið 2018-2019 voru 15 nemendur í fjórða bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 14 nemendur íslensku- og stærðfræðiprófið.

Dreifing einkunna í 4.b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	14	8	57,1%	3	21,4%	3	21,4%
	Lestur	14	6	42,9%	5	35,7%	3	21,4%
Stærðfræði	Heild	14	5	35,7%	5	35,7%	4	28,6%
	Reikningur	14	5	35,7%	7	50,0%	2	14,3%

7. bekkur

Skólaárið 2018-2019 voru 29 nemendur í 7. bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 23 nemendur íslensku- og stærðfræðiprófið.

Dreifing einkunna í 7. b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	23	4	17,4%	10	43,5%	9	39,1%
	Lestur	23	3	13,0%	11	47,8%	9	39,1%
Stærðfræði	Heild	23	1	4,3%	16	69,6%	6	26,1%
	Reikningur	23	3	13,0%	14	60,9%	6	26,1%

9. bekkur

Skólaárið 2018-2019 voru 23 nemendur í 9. bekk Hvolsskóla og af þeim tók 21 nemandi íslenskuprófið, 20 nemendur tóku stærðfræði- og enskuprófið.

Dreifing einkunna í 9. b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall

Íslenska	Heild	21	4	19,1%	12	57,1%	5	23,8%
	Lestur	21	5	23,8%	13	61,9%	3	14,3%
Stærðfræði	Heild	20	5	25,0%	10	50,0%	5	25,0%
	Reikningur	20	6	30,0%	9	45,0%	5	25,0%
Enska	Heild	20	5	25,0%	9	45,0%	6	30,0%
	Lestur	20	5	25,0%	9	45,0%	6	30,0%

2. Skipulag kennslu á yngsta stigi

Þrjú fundir voru haldnir með starfsfólki á yngsta stigi í febrúar þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá umræðurammi sem unninn var af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Kennsluhættir og skipulag kennslu

Í 2. og 3. b. er unnið í hringekju í morgunlotunum og virkar það vel að mati kennara þegar nægileg mönnun er til staðar. Í hringekjuforminu er unnið í stuttum lotum og hentar það vel fyrir börn með lítið úthald. Í hringekjunni er lögð áhersla á að hafa fjölbreytta samsetningu viðfangsefna og er mismunandi frá degi til dags hvaða faggreinar er unnið með.

Í 1. b. var hætt með hringekju í vetur og er morgunlotunum tvískipt þar sem nemendur vinna tvö verkefni og gengur það að mati umsjónarkennara vel. Verkefnin eru fjölbreytt og áhersla er lögð á leik. Nemendur fá umbun þegar þeir klára verkefni og mega þá velja sér viðfangsefni.

Innlögn er ávallt í litlum hópum og er töflukennsla lítið notuð á stiginu.

Á yngsta stigi eru snjalltæki og tölvur mikið notuð í kennslu, sem dæmi má nefna klukkukennslu.

Mönnun á stiginu var einnig rædd og veltu fundarmenn fyrir sér hvar mörkin liggja fyrir að setja inn 2 kennara í bekk og voru umræður um hópastærðir. Að mati fundarmanna er mikilvægt að leggja góðan grunn fyrir námshæfni nemenda í 1. b. og væri þá að mati fundarmanna góð leið að „ofmanna“ í upphafi 1. bekkjar og frekar draga úr mönnun þegar á líður. Fundarmenn ræddu einnig um aukið utanumhald í kringum nemendur t.d. lyfjagjöf nemenda. Að mati fundarmanna er mikilvægt að ræða lyfjamál fyrirfram við starfsmenn skólans og að þeir fái tækifæri til að tjá sig áður en ákvörðun um hver eigi að sjá um lyfjagjöf verði tekin.

Smiðjur og val

Valtímar eru fastir í töflu og velja nemendur verkefni og virkar það vel í 1. b. og 3. b. en valtímar lentu á bókasafnstíma í 2. b. og féllu því niður. Valtímar eru að mati fundarmanna gæðastundir þar sem maður kynnist krökkunum betur og er mikilvægur partur í náminu.

Fá allir að blómstra?

Að mati fundarmann fá ekki allir nemendur á stiginu að blómstra og benda þeir á að mikilvægt sé að huga betur að hópastærðum, mönnun og skipulagningu rýmis. Að mati fundarmanna fer of mikið púður í börnin sem sýna slæma hegðun. Starfsmenn stigsins tjáðu miklar áhyggjur af tvítyngdum börnum og bráðgerum börnum.

Einnig var rætt að mönnun getur stundum orðið of mikil og þarf að skoða betur hvar mannskapurinn nýtist sem best t.d. í smiðjum. Samráð þarf að vera til staðar fyrir stuðningsþarfir og var rætt um að erfitt sé að finna tíma fyrir samráð á stiginu og þarf að mati fundarmanna að huga að því í stundatöflugerð.

Sérkennsla á yngsta stigi

Kvóti sérkennslu er ekki nægilegur og hefur myndast biðlisti í sérkennslu og eru fundarmenn meðvitaðir um að reyna að sinna öllum nemendum eftir bestu getu. Fundarmenn bentu á mikilvægi þess að sérkennsla snúist ekki bara um lestur. Sérkennari á stiginu benti á að mikil vinna og mikið utanumhald fylgir því að vera sérkennari í 1. – 6. b. og væri æskilegt að mati sérkennara að hafa meiri tíma á yngsta stigi. Starfsmenn á yngsta stigi bentu einnig á að það væri æskilegt að nemendur fái meiri þjálfun t.d. hjá þroskaþjálfva og má nefna sem dæmi fínhyfingar og félagsfærni.

Lestrarkennsla/lestrartök

Mikil áhersla er lögð á lestur á yngsta stigi og ýmis hvatningarverkefni sem hvetja nemendur í lestri. Sem dæmi má nefna lestrarátak Ævars vísindamanns. Gerðar eru kröfur um heimalestur og bentu fundarmenn á að langflestir nemendur lesa heima og að hlutfall foreldra sem sinna ekki heimalestri sé frekar lágt.

Umsjónarstundir

Dagsskipulag er ávallt yfirfarið í umsjónarstund á morgnana og að mati fundarmanna eru umsjónarstundir ómissandi og dýrmætur tími.

Nýbúakennsla og móttaka nýbúa

Nýbúakennslu er að mati fundarmanna ekki nægilega vel sinnt þar sem of langur tími líður frá því að nemendur koma til landsins og þar til þeir fá nýbúakennslu. Tvítyngd börn og nýbúar hafa ekki sömu þörf fyrir kennslu og þarf að einstaklingsmiða kennslu þeirra betur með því að huga betur að skipulagningu m.t.t. úr hvaða tímum tvítyngdu börnin fara. Óvissa var hjá fundarmönnum um hvar ábyrgð á skipulagningu liggur.

Kennsluáætlanir/námsvísar

Að mati fundarmanna er samræmi á milli kennsluáætlana og námsvísa en æskilegt væri að hafa námskrá eftir bekkjum til þess að gera bekkjarnámskrá aðgengilegri fyrir foreldra.

Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat er í þróun á stiginu og veltu fundarmenn fyrir sér hvort að útfylling matslista taki of mikinn tíma.

Kennsluáætlanir

Að langmestu leyti eru kennsluáætlanir til staðar en þær hafa ekki allar ratað inn á heimasíðu skólans.

Læstefna sveitarfélagsins

Skólinn hefur verið, og er, aðeins undir landsmeðaltal.

Agastjórnun:

Úrræði í boði fyrir nemendur sem vilja ekki sinna náminu.

Tímaskortur getur leitt til þess að ekki er hægt að nota þau tæki sem eru til staðar, t.d. sáttarborðið.

Úrræði í boði fyrir nemendur sem vilja sinna náminu sínu.

Stuðst er við aukaefni og þyngra efni.

ART/UTÁ

ART er kennt í öllum bekkjum og væri æskilegt að stuðningsfulltrúar og aðrir starfsmenn væru líka með ART réttindi og gætu nýtt sér ART t.d. í gæslu úti. Allir bekkir hafa skilgreint skýr mörk samkv. áætlun í UTÁ.

Skólareglur og viðurlög við brot

Mikilvægt er að allir þekki ART og UTÁ og fari eftir skýru mörkunum.

Bekkarbragur

Fundarmenn voru sammála um að bekkjarbragur er huglægt fyrirbæri sem mikilvægt er að vinna í og hefur margt áhrif á bekkjarbrag, t.d. nýr kennari eða nýr nemandi. Passað er upp á þegar skipt er í hópa að enginn verði útundan og að allir eigi að geta unnið með öllum. Það koma tímabil með samskiptaörðugleikum í hópnum. Einnig var bent á að hlutir sem gerast utan skóla geta haft áhrif á skólastarfið.

Kennslurými og aðbúnaður:

Tölvubúnaður

Fundarmenn bentu á að það vantar viftu í tölvurýminu á stiginu og einnig vantar eina nemendatölvu á stiginu. Eins og staðan er í dag eru hóparnir of stórir til þess að allir geti notað tölvur á sama tíma. Það vantar einnig spjaldtölvur. Starfsmenn vilja fá skjávarpa og/eða almennilegt sjónvarp í allar stofur.

Gott væri að umsjónarkennarar ættu spjaldtölvu í stað þess að kaupa myndavélar, þá væri hægt að taka myndir og vinna í tækinu.

Húsgögn og húsnæði

Fundarmenn bentu á að æskilegt væri að raða í kennslustofu eftir stærð bekkja/nemendahópa. Eins og staðan er í dag er mikið ójafnvægi í fjölda nemenda í kennslurýmum. Fundarmenn bentu einnig á að auðvelt væri að leysa vandamálið við hávaðatruflun með því að tvær bekkjardeildir myndu skipta um stofu. Það myndi að mati fundarmanna ekki hafa neikvæð áhrif á gæði náms og kennslu. Húsgögn í kennslustofum eru orðin gömul og úr sér gengin og ekki í stíl og einnig sitja nemendur við borð sem passa ekki. Einnig var bent á að það vanti hillupláss.

Hljóðvist

Hljóðvist er betri eftir að sett var nýtt gólfefni á stiginu en bent var á að talað mál berst betur núna en áður. Fram kom sjónarmið um að bráðabirgðarlausn varðandi veggi á milli stofa sé ekki heppileg og var óskað eftir langtímalausn í þeim málum.

Samstarf yngsta stigs og skólaskjóls

Að mati fundarmanna er ekki nægilega vel gengið um í kennslurýmum eftir skóla og einnig væri gott að geta unnið í skólastofu til þess að undirbúa og stilla upp fyrir kennslu næsta dag. Hávaði berst inn í vinnurými en það hefur lagast eftir að Skjólíð fékk aðgang að rými við matsal. Fundarmenn bentu einnig á að fyrir börnin er það ekki gott að dvelja í sama rýminu allan daginn.

Samstarf við tónlistarskóla og samfellu.

Fundarmenn benda á að það er mikið álag að muna eftir að senda börn í tónlistarskóla og vilja þeir helst sjá að kennarar tónlistarskólans sækja börnin til kennslu. Lýst var eftir samstarfi við tónlistarskólann. Umsjónarkennarar vilja helst ekki missa nemendur úr kennslu til þess að fara í tónlistartíma í tónlistarskólanum.

Fagleg þróun starfsmanna og samstarf starfsmanna

Starfsmóral

Móralinn hefur verið betri að mati fundarmanna og er mikið um veikindi og þ.a.l. tilheyrandi álag. Bent var á að stundum er ójafnvægi í mönnun á milli hópa og að það vantar upplýsingar þegar forföll eru. Einnig benda starfsmenn á að það þarf að fá afleysingu þegar einhver forfallast og er það ekki alltaf gert. Fundarmenn bentu á að starfsmenn þurfa að passa upplýsingaflæði sín á milli sérstaklega þegar um er að ræða heilsufarsupplýsingar nemenda.

Samstarf starfsmanna

Margir starfsmenn eru í veikindaleyfi eða í skertu starfshlutfalli og hefur það áhrif á svigrúm til samstarfs en lýsa starfsmenn yfir vilja til samstarfs.

Endurmenntunarþörf starfsmanna

Kennsla tvítyngdra barna, lestur, UT og starfsþróun voru meðal annars nefnd á fundinum.

Endurgjöf frá stjórnendum

Stjórnendur eru byrjaðir að fara í bekkina samkv. gildandi úrbótaáætlun en starfsmenn segjast ekki hafa fengið formlega endurgjöf. Starfsmenn stigsins benda á að þeir myndu vilja sjá stjórnendur koma oftar í óformlega heimsókn og væri gott að fá viðurkenningu og hrós.

3. Uppgjörsdagur að vori 2019

Á uppgjörstigi þann 27. maí 2019 var öllum starfsmönnum skipt niður í sex hópa og farið var í SVÓT (styrkleikar – veikleikar – ógnir – tækifæri) greiningu þar sem verkefni sem skólinn vinnur að voru skoðuð, þ.e.a.s. ART/UTÁ, Skóli á grænni grein. Heilsuefandi skóli og GEO park skóli. Helstu niðurstöður verða raktar hér fyrir neðan.

ART/UTÁ

Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Sameiginlegt tungumál sem allir skilja og nota • Gott verkfæri til þess að leysa vandamál sem koma upp • Fjölskylduart góður kostur til að yfirfæra verkfæri ART og UTÁ á heimilin • Nemendur fá þjálfun í félagsfærni, siðferði, samskiptum og framkomu • Betri bekkjarbragur • Breyting á hegðun nemenda og fækkun agamála • Fyrirbyggjandi verkefni • Lýðræðislegt ferli þar sem nemendur taka þátt í að skilgreina hlutverk sín og bekkjarsáttmála • ART vottun er hvetjandi og heldur ART-inu á lofti
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Vantar að allir nýti sér þetta sameiginlega tungumál alls staðar • Skýru mörkin eiga að ná yfir allan skólann, ekki vera mismunandi milli stiga • Verkfærin eru ekki notuð, virkja styrkleikana betur • Erfitt fyrir kennara/starfsmenn fyrir utan hefðbundna bekkjarkennslu að nýta sér ART • Ekki allir starfsmenn hafa farið á ART og UTÁ námskeið • ART kennsla fellur niður í sumum bekkjum • Skýru mörkin ekki nægilega kynnt
Ógnir	<ul style="list-style-type: none"> • ART tímar verði ekki notaðir nógu markvisst með öllum bekkjum • Feimni starfsfólks vegna þekkingaleysis, tímaleysis, skipulagsleysis, kæruleysis • Yfirfærslan á heimilin gangi ekki nógu vel • Gleymaska og viðhald kunnáttu • Skýru mörkin ekki notuð í kennslu • Starfsfólk ekki búið að tileinka sér vinnubrögð UTÁ

Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> • Nota sáttarborðið meira þar sem það er verkfæri sem skilar árangri • Virkja bekkjarsáttmálann betur • Ef bekkjarsáttmálinn virkar eru meiri líkur á því að bekkjarbragurinn verði góður • Allir ættu að tala saman og skiptast á skoðunum • Að hvert stig komi sér saman um færniþætti vikunnar í ART á stigsfundi og það sé kynnt fyrir öðrum kennurum/starfsmönnum sem koma að kennslu svo allir séu á sömu blaðsíðu • Regluleg upprifjunarnámskeið
-----------------	--

Skóli á grænni grein

Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn flokkar sorpið og minnkar vistsporið sitt • Skólinn tekur þátt í mikilvægum verkefnum sem varðar þessi málefni • Grænáninn, þarf að hafa fyrir því að halda honum • Förum vel með jörðina og gerum okkur og nemendur meðvitaðri um umhverfið • Moltu- og ormaverkefnið á yngsta- og miðstigi • Nýja flokkunarkerfi sveitarfélagsins er styrkleiki fyrir okkur og í því felast mörg tækifæri
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkingunni er ekki dreift nægilega vel til nemenda og starfsfólks • Vantar virkt skipurit utan um starfið • Vantar sameiginlega umræðu og verkefni fyrir allan aldur • Þarf að bæta flokkun og leggja áherslu á að allir taki þátt • Of mikil plastnotkun í ljósritunarherberginu • Vantar sýnileika og uppfærslu á veggjum skólans • Verkefnið er ekki sýnilegt innanhús og það vantar eignarhaldstilfinningu
Ógnir	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur átta sig ekki á mikilvægi þess að flokka sorp og minnka matarsóun • Nemendur yfirfæra ekki þekkinguna yfir á sitt heimili • Við erum mögulega að sofna aðeins á verðinum gagnvart flokkun og endurnýtingu • Matarsóun • Bílanotkun starfsmanna sem búa í þorpinu • Fáir eldhugar • Starfsmenn flokka ekki
Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> • Virkja börnin betur í þátttökunni með því að gera þau ábyrgari og gera verkefni markvissari • Skipuleggja betur hver sér um hvað • Tengja verkefnið við heimilin og virkja þau í þátttöku • Nýta útikennslutímana til þess að sinna þessum verkefnum • Gera það eftirsóknarvert að sitja í umhverfisnefndinni

	<ul style="list-style-type: none"> • Umsjónarkennarar geta verið duglegri að fá nefndarmenn til að upplýsa um stöðu mála og efni fundar • Setja fréttir og myndir af þeim verkefnum sem eru í gangi á heimasíðu skólans • Fá kynningu frá sorpstöð Rangæinga • Hjóla og ganga meira • Huga betur að ljósritun og prentun • Allir taka sameiginlega ábyrgð á verkefnum • Bæta úr flokkunarúræði í skólanum til þess að tryggja að það verði flokkað alls staðar og samræma það alls staðar • Nemendur fara í skoðunarferð á Strönd • Reikna út kolefnisspor skólans • Virkja nemendaráðið til að halda fataskiptamarkað/flóamarkað einu sinni á ári t.d. á vorhátíð • Setja upp gróðurhús og rækta t.d. grænmeti og tengja það við kennslu í náttúrufræði
--	---

Heilsueflandi skóli

Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Hvetur til heilbrigðs lífneris og kallar á ábyrgð hvers og eins á eigin heilsu • Vitundarvakning um heilsu • Fjallgöngur, skólahlaupið og önnur verkefni eru skemmtileg uppbrot í skólastarfinu • Útikennsla • Salatbar í mötuneytinu • Skólahjúkrunarfræðingur fræðir um heilsu
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Innleiðingin hefur tekið langan tíma • Verkefnið ekki nógu sýnilegt • Nemendur eru ekki nægilega miklir þátttakendur • Starfsmannahópurinn er mögulega ekki nógu meðvitaður um verkefnið • Erum við nógu góðar fyrirmyndir? • Ómarkviss útikennsla • Hráefni í matnum ekki nægilega góð
Ógnir	<ul style="list-style-type: none"> • Að verkefninu sé ekki fylgt nógu vel eftir og upplýsingaflæði sé ekki nægileg, mikilvægt að við sofnum ekki á verðinum • Viðhorf og hugsunargangur í samfélaginu tengt hreyfingu, mataræði og heilsu • Starfsmenn skólans eru ekki bestu fyrirmyndir hvað akstur í skólann varðar • Kennarar sem hafa ekki áhuga á útikennslu þurfa a sinna því
Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> • Vinna meira með andlega heilsu • Bæta upplýsingaflæði

	<ul style="list-style-type: none"> • Virkja enn betur inn í daglega skólastarfið, uppbrot í skólastarfinu í formi hugleiðslu og verkefni í núvítund • Tengja heilsueflandi skóla við t.d. UTÁ/ART • Vanda sig í samskiptum; góð samskipti er stór hluti af heilsueflandi skóla • Hreyfivikan, hjólað í vinnuna, göngum í skólann og sams konar verkefni • Starfsmannahópurinn gæti átt hreyfistund 1x – 2x í viku og fengið afnot af íþróttahúsinu • Gera verkefnið sýnilegra • Að nefndin kynni sig og sín störf og verði sýnilegri • Útikennsla verði markvissari • Þjóða oftari upp á hafragraut • Símbann
--	---

GEO park skóli

Styrkleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn vinnur nú þegar í mörgum góðum verkefnum sem tengist GEO park • Skólaferðalögin, vorferðalög, fjallgöngur • Verkfæri til að kynna GEO park stöðunum • Góð verkefni í gangi s.s Hekluskógar, Berjanes, Sólheimajökull o.fl. • Spennandi kynning og Kötluráðstefna fyrir 9. og 10. b. • Ábyrgð á nánasta umhverfi, margt sem fellur saman við skóla á grænni grein • Njáluverkefni og öll okkar tengsl og samvinna við nærumhverfið almennt • Tengsl og samvinna við nærumhverfið almennt
Veikleikar	<ul style="list-style-type: none"> • Lítið sýnilegt verkefni innan skólans • Verkefnið er ekki formlega hafið • Mætti tengja útikennslu meira við verkefnið • Vantar rými til að sinna verkefninu innan vinnuramma • Vantar tengiliður innan skólans
Ógnir	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnið er mjög víðfeðmt og þarf að afmarka það • Hlutverk skólans í verkefninu er óljóst • Hætt við að verkefnið deyi ef það er ekki verkefnastjóri og nefndarmenn/verkefnastjóri þurfa að hafa rými til að vinna verkefnið með t.d. fasta fundartíma e.t.v. afslátt af kennslu
Tækifæri	<ul style="list-style-type: none"> • Tengja jarðfræði meira inn í kennslu • Matur úr héraði • Jarðvangsvika í samstarfi með grunnskólanum í Vík • 10 ár frá gosi í Eyjafjallajökli á næsta ári og þá er gott tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt

	<ul style="list-style-type: none"> • Vorferðir skólans eru gott tækifæri til að tengja við GEO park • Nýta okkar auðlindir bæði í kennslu og til að miðla til aðila samfélagsins • LAVA • Dýpkar þekkingu okkar á staðháttum • Betri náttúrufræðikennsla og tenging við umhverfið okkar
--	--

Að SVÓT greiningu lokinni það sjálfsmatshópur alla starfsmenn um að skrifa niður á miða hvað þeir að þeirra mati gætu gert til þess að verkefni skólans fái að vaxa og dafna. Hér fyrir neðan er gert grein fyrir þeim svörum sem komu frá starfsmönnum.

Verkefni	Svör frá starfsmönnum
ART/UTÁ	<ul style="list-style-type: none"> • Hafa alltaf ART tíma • Nota sáttarborðið meira • Ég gæti unnið markvissar með bekkjarbrag og skýr mörk strax að hausti fyrir vinnslu bekkjarsáttmála • Ég þarf að setja upp skýrari kennsluáætlun þar sem gert er ráð fyrir ART og sent verkefni heim vikulega • Vera ákveðnari um að ART sé notað í þeim tímum sem til þess eru ætluð • Virkja börnin í að standa við bekkjarsáttmála sem þau skrifa undir. Þetta er ekki skraut • Fara á upprifjunarnámskeið • Vinna með foreldrum • Miðla betur til samstarfsfólks sem er minna inn í þessum verkefnum • Notað þær bjargir sem skólinn hefur innleitt t.d. T spjöld, hlutverkin o.fl. • Vera jákvæðari með að tengja við daglegt starf • Vinna meira með félagsfærni þættina • Kenna markvisst og vera einlæg og hlusta á aðra • Vera jákvæðari gagnvart ART kennslu • Lesa efni um ART og UTÁ • Fara á námskeið • Lesið enn meira og talað við forystu og spurt hverju þeir mæli með • Ég hlakka til að fara á ART námskeið í haust • Ætla að rifja upp og lesa aftur UTÁ gögnin mín • Flagga UTÁ reglunum okkar betur um skólann • Ég ætla að nota tungumálið betur og meira • Passa uppá að ég sé að nota ART tíma í ART kennslu (ekki alltaf að fórna þeim í annað) • Ég get nýtt mér verkfæri þessara stefnu í kennslu og nýtt mér ART

Skóli á grænni grein	<ul style="list-style-type: none"> • Kynna mér flokkun betur • Tala um flokkun og vera fyrirmynd • Frætt börnin betur um umhverfið – eins og ég geri með pappír og ferli hans frá upphafi til enda • Vera duglegri að flokka rusl • Nýta pappír betur • Fara út á grenndargámavöllinn og fræða þau – sem skilar sér vonandi heim • Gerum kennsluáætlun í grænum verkefnum fyrir allan skólann svo við vitum betur hver á að gera hvað • Plasta minna • Minnka útprentun verkefna • Samþætta við útikennslu • Leit betur upplýsinga • Taka virkari þátt • Virkja betur fulltrúa umsjónarbekkjar míns til að miðla til bekkjarfélaga eftir umhverfisnefndarfundi • Efla börnin mín í flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu • Banna tyggjó í skólanum
Heilsueflandi skóli	<ul style="list-style-type: none"> • Meiri fræðsla um andlega heilsu • Hvetja til þess að borða hollt og hreyfa sig • Lært meira um núvitund og bætt eigin líðan og miðlað leiðum • Borða hollari mat • Hvetja til heilsusamlegra lífennis sem mest – ræða um heilbrigði svo oft sem tækifæri gefst • Vera góð fyrirmynd • Ganga í vinnuna • Stuðla að góðri eigin heilsu, bæði líkamlegri og andlegri • Ég get tekið ákvörðun um að nota hreyfingu og hugleiðslu sem uppbrot í kennslu • Hreyfa mig meira • Fara meira út með nemendur í markvissa útikennslu • Vera fyrirmynd í matarræði • Ræða um geðheilsu í kennslu • Drekkja minna kaffi og meira vatn • Halda áfram á rækta mig á sál og líkama • Nota bílinn minna • Nota hugleiðslu í kennslu • Hætta að baktala vinnufélaga og vera jákvæður • Vera jákvæð gagnvart uppbrotum sem fylgja • Taka þátt í hreyfingu með starfsfólki • Vera ávallt vakandi um alm. lýðheilsu og hvernig hægt er að rækta hana • Vera fyrirmynd í minni neyslu • Sækja meira þekking í að hlúa að andlegri heilsu • Jóganámskeið • Vera með hvetjandi heilsuverkefni fyrir nemendur • Tala um tilfinningar

GEO park skóli	<ul style="list-style-type: none"> • Kynna GEO park betur • Kynna mér betur GEO park • Kennum öllum börnunum að þekkja blómin, trén skordýr, fjöllin og nýtum samvinnu við bókasafnið í upplýsingaleitir • Samræma með öðrum kennurum • Nýta sögu og menningu héraðsins betur í kennslu • Vera áhugasamari um nærumhverfið t.d. með því að undirbúa mig betur fyrir ferðalög með nemendum mínum upp á fræðslu o.fl. • Horfa til fyrirtækja o.fl. í kennslu • Samþætta við útikennslu • Kynna mér málefnið betur • Heimsækja GEO fólkið sjálf og kynna mér störf þeirra og sýn • Kynna mér verkefnið betur • Fræða nemendur um GEO park verkefnið okkar • Efla áhugann • Afla upplýsinga • Taka þátt • Ég get kynnt nemendum fyrir GEO park stöðum og heimsótt þá sem eru í nærumhverfinu • Verið virkur þátttakandi í verkefnum • Komið með hugmyndir • Unnið að gerð námsefnis • Vera jákvæður fyrir nýjungum og vinna með stefnum
-----------------------	---

4. Úrbótaáætlun veturinn 2018-2019 og úrbætur unnar á árinu

Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi	Árangur mælt með	Staða mála í sept 2019
Kennsla fyrir alla. Námskeið í skipulagningu og framkvæmd einstaklingsmiðaðrar kennslu í íþróttum	Skóla- stjóri og íþróttakennarar	Fyrir lok febrúar 2019	Einstaklingsnámskrá fyrir alla nemendur sem þurfa. Auk úttektar á gæðum kennslu og náms	Vinna ekki hafin
Skýr mörk. Klára vinnu við að skilgreina skýr mörk og innleiða ferlið í skólanum.	ART/UT Á teymi og kennarar	Fyrir lok nóvember 2018	Skráningarlisti þar sem kennarar tilkynna innleiðingu í bekk/námshóp. Starfsmenn skuldbinda sig til að vinna eftir ferlinu með því að skrifa undir samning.	Vinnu lokið

Móttaka nýbúa í Hvolsskóla. Klára móttökuáætlun og hrinda henni í framkvæmd.	Stjórn- endur skólans	Fyrir lok nóvember 2018		Vinnu lokið
Endurgjöf stjórnenda á nám og kennslu. Stjórnendur taka markvisst út kennsluhætti og skipulag náms hjá kennurum	Stjórn- endur	Fyrir maí 2019	Fara í heimsóknir í kennslustund og veita endurgjöf til kennara.	Vinna hafin
Bætt samstarf á milli stiga og aukin fagleg umræða í starfsmanna- hópnum	Allir starfs- menn skólans	Fyrir maí 2019	Reglulegir faggreinakennara- fundir og umræðufundir	Faggreinafundir á vegum Skólaþjónustunnar haldnir á árinu. Ekki haldnir faggreinafundir innanhúss
Bættur starfsandi á meðal starfsmanna	Allir starfs- menn skólans	Fyrir maí 2019	Markviss hópefli og umræður á starfsmanna- fundum	Vinna hafin

5. Úrbótaáætlun veturinn 2019-2020

Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi	Árangur mælt með
Kennsla fyrir alla. Námskeið í skipulagningu og framkvæmd einstaklingsmiðaðrar kennslu í íþróttum	Skólastjóri og íþróttakennarar	Fyrir lok febrúar 2020	Einstaklings-námskrá fyrir alla nemendur sem þurfa. Auk úttektar á gæðum kennslu og náms
Virkari foreldrasamstarf	Umsjónarkennarar	Lok maí 2020	Skipulag fyrir foreldrastarfið sent út strax í upphafi vetrar, nemendastýrð foreldraviðtöl í september Upplýsingar um skólasókn sendar heim reglulega
Virkari þátttaka í verkefni skólans þar sem allir starfsmenn skuldbinda sig til þess að afla sér þekkingu eða vinna	Allir starfsmenn	Lok nóvember	Starfsmenn skrá sig á verkefni

nefndarstarf í einu verkefni			
Bæta líðan starfsmanna og starfsánægju	Stjórnendur og starfsmenn	Lok maí	Vinnustaðasamningur, starfsmannakönnun, Endurgjöf stjórnenda

Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2018-2019 kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2020-2021.

Sjálfsmatshópnum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu.

Hvolsvöllur september 2019.

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Guri Hilstad Ólason, formaður.